

Nd.

50. Tillaga til þingsályktunar

[50. mál]

um hitun húsa með raforku.

Flm.: Jónas Pétursson, Friðjón Þórðarson, Ásberg Sigurðsson,
Bjartmar Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason, Óskar E. Levy.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsa hitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Stefnt skal að því að gera 5 ára áætlun um framkvæmd hitunarmálsins þannig, að innlendar orkulindir hiti hvert hihýli landsins að þeim tíma liðnum.

Greinargerð.

Íslendingar þurfa á mikilli hitaorku að halda í íbúðarhús og vinnustöðvar innanhúss. Landið er fremur kalt. Ísland hefur oft verið nefnt land elds og ísa. Er það þá tákna andstæðna. En í því felst það, að landið býr yfir mikilli orku. Orku eldstöðvanna ráðum við ekki við að nýta. En orku jarðhita og fallvatna nýtum við, og má því að vissu leyti segja, að hér ríki jafnvægi milli þarfa og möguleika að fullnægja þeim. Hér er jarðhitanotkun til húsa hitunar mikil. En ekki að sama skapi notkun vatnsorkunnar í formi raforku. Það er skoðun flutningsmanna, að hér sé um að gera svo stórt þjóðhagslegt mál, að átaka sé þörf til að hrinda því áleiðis — og mæta þeim áhuga fólksins, sem sífellt fer vaxandi fyrir rafhitun, og þrýsta á aukinn hraða í framkvæmdum.

Það er einfalt mál að nota innlenda orku fremur en innflutta. Og þótt nýframkomin hækkun á olíu hafi enn aukið á hagkvæmni raforkunnar í samanburði við olfuhitun, þá er sú ekki ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu. Ærin ástæða var fyrir flutningi hennar áður. Líklegt er, að víðast, þar sem jarðhita er völ í nálægð byggðar, sé hitaveita eins hyggileg, en víða skortir jarðhitann. Þar þarf rafhitunin að koma. Á það skal lögð áherzla, að greiðslu fyrir olfuhita eru þeir fjármunir tapaðir Íslendingum að mestu, en greiðsla fyrir rafhitun er að verlegu leyti greiðsla á orkuveru og því hliðstæð greiðslu á bundinn sparifjárreikning, sem kemur síðar til ráðstöfunar.

Hér er lagt til að gera 5 ára áætlun um að koma rafhitun á, þar sem jarðhiti leysir ekki hitaþörfina. En hér eru ekki gefin fyrirmæli um framkvæmdamáta, en við teljum, að iðnaðarráðuneytið eigi að hafa forustuna, og með samstarfi við sveitarstjórnir og almenning og stjórnir rafveitna ætti þetta að vera auðvelt, svo stórfellt hagsmunamál er hér um að ræða.